



# Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra

Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduósi • syslumenn.is • nordurlandvestra@syslumenn.is • kt.660914-0990 • sími 458-2500

## Framtíðarsýn

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra [SMNV] markar sér stefnu í að vera til fyrirmynadar í loftslagsmálum með því að laga sig að loftlagsbreytingum með vistvænum hætti, m.a. með þátttöku embættisins í Grænum skrefum.

Við skuldbindum okkur til frekari framfara á því sviði með ýmsum aðgerðum og vinnubrögðum, eins og:

- Fræðum starfsmenn um vistvænan lífstíl, bæði innan og utan vinnustaðarins.
- Leitumst við að ferðast á vistvænan máta sem leiðir ekki til losunar gróðurhúsalofttegunda. Hvetjum til umhverfisvænni samganga til og frá vinnu.
- Erum gagnrýnin á neyslu, flokkum, endurvinnum, endurnýtum eða gefum áfram.
- Öllum úrgangi skal fargað á viðeigandi hátt.
- Veljum vörur sem bera umhverfisvottun eða lífræna vottun við innkaup ef kostur er.
- Veljum frekar stafrænar lausnir ef þær eru í boði, t.d. fjarfundí eða stafrænt í stað pappírs.
- Notum grænt bókhald til að sjá tölulegar staðreyndir og metum þar hvar úrbóta er þörf.
- Setjum okkur markmið sem eru endurskoðuð árlega og uppfærð ef þurfa þykir.

## Yfirkmarkmið

Fram til ársins 2030 mun SMNV draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um samtals 40% miðað við árið 2020.

## Umfang og gildissvið

Loftslags- og umhverfisstefna SMNV nær til allrar starfsemi embættisins, allt frá skrifstofuhaldi og ræstingu til verklegra framkvæmda og ferða. Á við um innkaup, vinnuumhverfi, notkun auðlinda og meðferð efna og úrgangs.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra er með tvær starfsstöðvar; aðalskrifstofu á Blönduósi og sýsluskrifstofu á Sauðárkróki

## Eftirfylgni

Umhverfis- og loftlagsstefnu er fylgt eftir með innleiðingu Grænna skrefa í ríkisrekstri, sem hófst hjá SMNV haustið 2020.

Árangursmælingar verða gerðar í gegnum Grænt bókhald SMNV þar sem upplýsingum um samgöngur, úrgangsmýndun, orkunotkun, neyslu og kolefnislosun frá starfsemi embættisins er safnað saman.

Fyrir 1. apríl ár hvert er Grænt bókhald fyrra árs tekið saman og því skilað í Gagnagátt Umhverfisstofnunar. Stýrihópur SMNV um Græn skref sér um að taka bókhaldið saman í samstarfi við fjármálastjóra SMNV.

Niðurstöðum Græns bókhalds og árangri umhverfis- og loftlagsstefnu er miðlað til starfsmanna Einnig birtast niðurstöður Græns bókhalds á heimasíðu Grænna skrefa ásamt niðurstöðum annarra ríkisstofnana.

Þær verða m.a. nýttar til að greina úrbótatækifæri, sýna fram á gagnsemi stefnunnar og til að upplýsa starfsfólk um framvindu og stöðu hennar.

Stýrihópur SMNV í Grænum skrefum heldur sérstaklega utan um þær aðgerðir sem eru til þess fallnar að efla vistvæna þróun meðal helstu hagaðila SMNV hverju sinni.

### Tenging við núverandi skuldbindingar

SMNV setur sér þessa umhverfis- og loftslagsstefnu í samræmi við skuldbindingar íslenskra stjórvalda gagnvart Paríssarsamkomulaginu og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt er stuðt við uppfærða aðgerðaáætlun íslenskra stjórvalda í loftslagsmálum, leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um loftslagsstefnur opinberra aðila og Græn skref í ríkisrekstri um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnishlutleysi.

Einnig má nefna [lög um loftslagsmál nr. 70/2012](#).

Markmið laganna skv. 1. gr. er:

- a. að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með hagkvæmum og skilvirkum hætti,
- b. að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti,
- c. að stuðla að aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga,
- d. að skapa skilyrði fyrir stjórvöld til þess að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum,
- e. að ná kolefnishlutleysi eigi síðar en árið 2040. Verði loftslagsmarkmið stjórvalda uppfærð skal leggja til breytingar á þessu ákvæði því til samræmis.

### Kolefnisjöfnun


Embættið mun leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri. Eftirstandandi losun skal leitast við að kolefnisjafna með kaupum á umhverfisvottuðum vörum frá og með árinu 2021.

### Ábyrgð

Sýslumaður ber ábyrgð á að farið sé eftir stefnunni og gildandi aðgerðaáætlun hverju sinni. Sýslumaður, í samráði við stýrihóp embættisins um Græn skref, fylgist með því að stefnunni og aðgerðaáætlun sé viðhaldið og þær endurskoðaðar reglulega samhliða því sem niðurstöður Græns bókhalds liggja fyrir ár hvert.

Blönduðsi, 12.04.2022

Birna Ágústsdóttir, sýslumaður



Erna Björg Jónmundsdóttir, deildarstjóri

Pórdís Hjálmarsdóttir, fjármálastjóri